


VALTÝR PÉTURSSON skrifar um MYNDLIST... JÓHANN HJÁLMARSSON skrifar um BÓKMENNTIR...ERLE

Þýzk grafík á vorum dögum

Það má með sanni segja, að yfir okkur hér í borg hafi dunið ein feikn af grafíksýningum á þessu ári. Ekki man ég áður eftir eins miklu fjöri í þessari listgrein hérlendis, og er hér bæði um innlenda og erlenda grafík að ræða. Það er sannarlega af sem áður var, þegar grafík varla sást hér á sýningum og það þóttu mikil tíðindi, er innlendir listamenn drógu fram eitt og eitt blað af grafík á sýningum sínum. Það var og stundum venja okkar, sem um sýningar fjalla í dagblöðunum, að kvarta yfir því, hve lítið sæist af grafík hérlendis, en nú liggur við, að dæmið sé heldur betur að snúast við, því að litlu munar, að manni finnst jafnvel mælirinn fullur. En sannleikurinn er sá, að mikill fjörkippur hefur átt sér stað í þessari fornu listgrein erlendis og ekki hvað síst í landi eins og Þýska-


Rainer Schwarz: Ópið (litaljósprentun, 1969).



landi, þar sem þessi listgrein átti raunar upptök sín, ef ég veit rétt. Prentlist þeirra þjóðverja hefur og jafnan verið á mjög háu stigi, og má fullyrða, að fáir eða engir standi þeim framar í þeirri grein eins og stendur, enda fáum við ótvíræðar sannanir fyrir þessu á þeirri sýningu, er þeir hafa sent okkur á nútíma grafík og sjá má á Kjarvalsstöðum.

Á þessari sýningu er mikið og merkilegt úrval af þýskri grafík. Það eru 100 grafísk blöð eftir 39 listamenn. Þeir

Almir de Silva Mavignier: Litasáldprent (1966).



Siegfried Neuenhausen: Kroppur í viðjum (litaskáldprent).

Paul Wunderlich: Páll, þegiðu (litaljósprent, 1967).


eru flestir ungir að árum, en samt er einn þeirra fæddur 1888 og látinn á þessu ári. Er það hinn heimskunni meistari JOSEF ALBERS, sem raunar átti hér verk áður á sýningu fyrr á þessu ári, og virðist álitamál, hvort heldur hann á að teljast til bandaríkjamanna eða þjóðverja, en fyrir okkur skiptir það engu máli, því að Albers er jafn mikill meistari fyrir það og myndlist hans á erindi til allra, hvort heldur um er að ræða íbúa vestan eða austan hafs að ógleymdum okkur hér miðja

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

jafnt og persónulegt, en án nokkurs efa eiga þessir meistarar það sameiginlegt, að túlka samtíð sína, umhverfi og samfélag. Sem dæmi um hin misjöfnu viðhorf nefni ég verk eftir þá Horst Antes og Friedrich Mackseper. Fleiri mætti auðvitað minnst hér á í þessu sambandi, en sannast mála mun vera, að hér er svo sterkur hópur listamanna á ferð og úrvalið svo vandað og vel unnið, að það yrði sparðatíningur og smámunasemi að fara út í þá sálma að mismuna höfundum. Samt er það svo, að ég er ekki alveg inni á sumu, er þarna er til sýnis. En það er svo ómerkilegt í samamburði við það, sem gerir sig gildandi á þessari sýningu, að ég læt nöldur mitt lönd og leiðir. Að öllum öðrum grafískum sýningum þessa árs ólöstuðum, hika ég ekki við að fullyrða, að þessi sýning þjóðverja á Kjarvalsstöðum, sé langsamlega merkilegust og um leið einn mesti listavíðurur ársins. Svo jöfn er þessi sýning, að mér finnst alger óþarfi að fara í upptalningar á listamönnum og benda á einstök verk. Vel heldur að segja í sem fæstum orðum, að þetta sé svo merkilegur víðburður í menningarlífi Reykjavíkur, að enginn, sem ánægju hefur af myndlist, megi láta þetta tækifæri fram hjá sér fara.


Mjög falleg og vönduð sýningarskrá fylgir þessari sýningu, þar sem prentaðar eru myndir af hverju einasta listaverki á sýningunni. Formáli er þar svo ágætur, að varla verður nokkru þar við bætt. Það er prófessor Grochowiak, sem skrifað hefur formála og valið þessi verk til sýningar. Texti er á íslensku, og öll er skrá þessi svo vönduð, að það liggur við, að við hér á Íslandi förum hjá okkur. Allur annar frágangur er sérlega vandaður á þessari sýningu, og hið þýska handbragð og snyrtimennska blasir við. Ennfremur bendir prófessorinn á nokkur atriði í sambandi við suma listamennina og hvernig þeir tjá samfélag og umhverfi sitt. Því væri það, að mínum dómi, að þetta væri út í þá sálma að tíunda hvern og einn af þessum listamönnum. Verk þeirra eru öll í fyrsta flokki, ef svo mætti til orða taka. Heimslistin blasir hér við okkur á Kjarvalsstöðum stutta stund. Notið tækifæri, sem er sjaldgæft hér á sextugusta og fjórða breiddarbaugnum. Svo mikið hefur verið til vandað af hálfu þjóðverja, að það væri mikill blettur á íslensku þjóðlífi, ef þessi sýning yrði ekki sótt. Ég ætla að ljúka þessum línum með því að vitna í gamlan vin minn, er alltaf afgreiddi sýningar með fjarska fáum orðum, en vel völdum. Hann mundi hafa sagt um þessa sýningu „Ein klasse Ausstellung“. Undir þetta tek ég með heilum hug og þökkum.



Guðmundur Böðvarsson: LJÓÐASAFN III—IV. Hörpuútgáfan 1976.

MEÐ útgáfu þessara tveggja binda Ljóðasafns Guðmundar Böðvarssonar er lokið heildarútgáfu á verkum hans. Í síðustu bindunum eru eftirfarandi bækur: Saltkorn í mold I, Saltkorn í mold II, Landsvísur, Hríðarspor, Innan hringsins, Blað úr vetrarskógi og Fimm kviður. Útgáfan er hin vandaðasta af hálfu Hörpuútgáfunnar og er fagnaðarefni að svo vel hefur tekist. Nú ætti að vera unnt að gera sér grein fyrir skáldskap Guðmundar Böðvarssonar, því erindi sem hann átti við þjóð sína.

Staða skáldsins í bókmenntunum er reyndar löngu ljós. Aður óbirt ljóðabók, Blað úr vetrarskógi, breytir ekki myndinni af skáldinu. En það er gott að hafa hana með í safninu. Þar á hún vissulega heima. Í henni eru ljóð sem jafnast á við bestu ljóð Guðmundar Böðvarssonar, kannski mætti í staðinn segja



Hannes Pétursson

Hannes Pétursson: ÚR HUGSKOTI. 144 bls. Íðunn Rvfk 1976.

ÞEGAR skáld hefur rutt sér til rúms í hugskoti lesandans með skáldverkum sem eru þá jafnframt orðin rótföst í þjóðarvitundinni vill lesandinn að sínu leyti snúa dæminu við og vita um skáldið meira en það sem stendur í skáldritunum; hann langar að skyggjast til þess hvað búa muni að baki verkunum; hvað og hvernig skáldið hugsar í raun og veru — komast inn í smíðjuna þar sem hlutirnir verða til. Endurminningar, dagbækur og hugleiðingar þekktra skálda og rithöfundar vekja því öðrum bókum meiri athygli og forvitni.

Hannes Pétursson hefur nú safnað saman hugleiðingum og kvæðum sem hann hefur átt í fórum sínum og gefið út í bók og lætur heiti bókarrinnar vera lýsandi fyrir efni hennar. Þetta er safn stuttra þátta annars vegar og kvæða hins vegar sem dreift er inn á milli þáttanna.

Eins og við var að búast er mikið af þessu faglegar hugleið-